



Alþingi
Erindi nr. P 135/1643
komudagur 3.3.2008

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150, Reykjavík.


Akureyri, 15. febrúar 2008

Tillaga til þingsályktunar Þskj. 312 – 278. Mál

Um aukna samvinnu milli vestnorrænu landanna um rannsóknir á helstu nytjastofnum sjávar innan lögsögu þeirra

Háskólinn á Akureyri fagnar því frumkvæði sem haft er þarna til að samræma rannsóknir á helstu nytjastofnun á nágrannasvæðum kringum Ísland. Augljóst er að þessar þjóðir eiga sameiginlega marga nytjastofna, sérstaklega uppsjávarfiska svo sem úthafskarfa, loðnu, síld og kolmunna. Hinsvegar má segja að samstarf um rannsóknir sé jafnvel mikilvægara á sviði ýmissa botnfiskstofna, einmitt þar sem tengsl þeirra stofna milli Grænland, Ísland og Færeyjar eru óljós, þó nokkuð víst sé að þau geti á tíðum verið allmikil. Auk þeirra tegunda sem minnst er á í þingsályktunartillögum mætti einnig nefna ufsa, löngu, blálöngu, keilu, lúðu, skötusel og ýsu. Tengsl þeirra gætu bæði verið í gegnum göngur fullorðinna fiska eða seiðareks. Allt sem gæti stuðlað að betri samræmingu á rannsóknnum á milli þessara stofna, svo sem með samræmdum merkingum, erfðafræðilegum rannsóknum eða með samræmingu á rannsóknaraðferðum, gagnasöfnun og úrvinnslu gagna er því af hinu góða og mun það án efa stuðla að sjálfbærri nýtingu þessara stofna. Þetta er sérstaklega mikilvægt núna þar sem miklar og oft á tíðum óvæntar breytingar hafa orðið á vistkerfum norðurhafa að öllum líkindum tengt hlýnun sjávar á síðustu árum.

Virðingarfyllst,



Ingi Rúnar Eðvarðsson, deildarforseti

Viðskipta- og raunvísindadeildar Háskólans á Akureyri.